

Samgöngu- og sveitastjórnaráðuneytið

Sölvhólsgötu 7

101 Reykjavík

[srn@srn.is](mailto:srn@srn.is)



Reykjavík 6. mars 2023

**Efni: Umsögn um drög um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (gjaldtaka o.fl.)**

Hinn 21. febrúar 2023 birti innviðaráðuneytið drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 (gjaldtaka o.fl.) á samráðsgátt stjórnvalda. Í frumvarpinu er verið að gera breytingar sem ráðuneytið skiptir niður í níu breytingar. Í heild hafa samtökin ekki mikið um frumvarpið að segja. Hins vegar vilja samtökin vekja athygli á að í Hafnalögum er mismunandi rekstrarform á höfnum að ræða. Í 8. gr. kemur fram að rekstrarform hafna má skipta niður í fjóra hluta.

Þó að frumvarp virðist vera að vísa til allra rekstrarforma þá er eingöngu vísað til „hafna“ og þá er á einum stað vísað til gjalddökuheimildar í 17. gr. Þó að eitt rekstrarform sæki heimild sína til gjalddöku í 20. gr. Einnig ber að áréttast að í þessi grein kemur fram að hafnir sem reknar eru skv. 3. tölul. 8. gr. sé rekin án takmarkana. Í ljósi ofangreinds þá vilja samtökin benda ráðuneytinu á að betra og skýrara væri að tiltaka hvort í reynd að kæruheimildin sem um ræðir í 11. gr. frumvarpsins ætti við um öll rekstrarform hafna eða ekki.

Samtökin telja óþrautt að ákvæði 11. gr. öðlast ekki þegar gildi enda kemur skýrt fram í greinargerðinni að einungis sé heimilt að kæra gjaldskrárákvarðanir hafna sem teknar eru eftir gjalddöku þess ákvæðis.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum

*Virðingarfyllst*

*F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar*

*Baldur Sigmundsson, lögfræðingur*

*Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri*